

R J E T T U R

TÍMARIT

UM

ÞJÓÐFJELAGS OG MENNINGARMÁL

RITSTJÓRI:
EINAR OLGEIRSSON

XI. ÁRG. 1. OG 2. HEFTI

EFNISYFIRLIT:

	Bis.
<i>David Stefánsson</i> : Hrárekur konungur í Kálskinni	3
<i>Einar Olgeirsson</i> : Erlendir menningarstraumar	10
<i>M. Andersen Nexø</i> : Auðu sætin	25
<i>Haraldur Guðmundsson</i> : Togaraitgerðin	39
<i>Upton Sinclair</i> : Þrjú til Judds	56
<i>Einar Olgeirsson</i> : Íslensk lýðrættindi	61
<i>Víðsiá</i> (Camoens, Heitur, Erlend skáld og erl. bókmentir)	69
<i>Stefán Jóh. Stefánsson</i> : Um þjóðnýtingu	81
<i>Ólafur Stefánsson</i> : Úthýsing (kvæði)	101
<i>Brynjólfur Bjarnason</i> : Kommunisminn og bændurnir	102
<i>Gunnar Benediktsson</i> : Yfir eyðimörkina (ræða)	112
<i>Frá Rússlandi</i> : 1) Framleiðsla og viðskifti S. S. S. R. 117	
Íslensk menningarmál: 2) Samvinnuhreyfingin í Rússlandi.	
Íslensk menningarmál: Rekstur kvikmyndaleikhúsa	: 133
Íslensk menningarmál: Ríkisrekstur á sveitabúum.	
<i>Neistar</i> (Tolstoi, Lincoln, Wagner o. fl.)	
<i>Baráttan um heimsvirkni</i> (Furstaeignirnar, kolaverkfallið, Suður-Ameríka)	143
<i>Ritsjá</i> (Munkarnir á Möðruvöllum, Við þjóðveginn, Himingeimurinn)	152

AFALUMBOÐSMAÐUR:

Jón G. Guðmann, kaupmaður, P. O. Box 34, Ak.

PRENTSMÍÐJA ODDS BJÖRNSSONAR OG BJÖRNS JÓNSSONAR
AKUREYRI MCMXXVI

Um Þjóðnýtingu.

Í grein þeirri, er hér fer á eftir, hef jeg aðallega stuðst við nefndarálit þjóðnýtingarnefndarinnar norsku (Hensstilling fra Socialiseringskomitéen, Kria 1924), sumstaðar þýtt orðrjetta kafla, en þó víða vikið frá og dregið efnitð saman. Einnig hef jeg stuðst við önnur fræðirit, og er þeirra sumstaðar gefið, og höfunda þeirra].

Söguðrög.

Á tímum hinnar fyrstu siðmenningar komu þegar fram raddir um það, að breyta einkæigna fyrirkomulagi þjóðfélagsins, yfir í snið sameignar og samvinnu. Hugmynd þessi hefur oft fengið formælendur, bæði í fornöld, miðöld og nýrri tímum. Hugmyndin um sameign þjóðfélagsheildarinnar stóð djúpum rótum í hinni upprunalegu kristni og var kend af kirkjufeðrum fyrri alda. Á seinni tímum hafa fyrirsvarsmenn þessara kenninga aðallega verið heimsspekingar, mannvínir og endurbótamenn á þjóðmálasviðum. Stundum hafa jafnvel trúhneygðir mannvínir gert ýmsar tilraunir til þess að mynda sameignafélög á kristilegum grundvelli. En engar af tilraunum þessum hafa þó átt sjer langan aldur. Þeir menn, er þannig hafa leitast við að koma sameignaskipulaginu í framkvæmd, hafa eftir skamma eða langa stund verið bældir niður af ríki og kirkju, verk þeirra eyðilögð, en þeir sjálfir dæmdir sem þjóðfélagsfiendur og vantrúarmenn.

Í frönsku stjórnarbyltingunni, sem var eingöngu borgaralegs eðlis, og varð til þess að brjóta stjórn mála- og fjárhagshekkki ljensvaldsins af borgarastjettinni, var aðeins

gerð ein mishæpnuð tilraun, til þess að koma á sameigna-skipulagi, og leysa verkalyðinn («fjórðu stjettina») undan áþján og oki. Það var uppreistar- og samsærstilraun *Babeufs* árið 1796.

Í byrjun 19. aldarinnar kemur fyrst til sögunnar hin raunverulega jafnaðarstefna, er hefur það að stefnumarkað að afnema einkaeigna fyrirkomulag auðvaldsins, en koma í þess stað á sameign þjóðfjlagsheildarinnar með skipu-lögðum samvinnurekstri.

Þessi hreyfing í þjóðfjlagsmálunum á rót sína að rekja til hugsjónafrömuða og mannvina, eins og *Saint Simon*, *Fouriér* og *Bianc* í Frakklandi og *Owen* í Englandi. Það voru hin skadlegu og illu áhrif auðvaldsins á verkalyðinn, sem hafði sannfært þessa forvígismenn um nauðsyn á gagngerðri breytingu atvinnulífsins, á grundvelli jafnaðar-stefnunnar. Þessir forvígismenn þjóðfjlagsbreytinganna, sem telja má einskona fyrirrennara hinnar raunverulegu og vísindalegu jafnaðarstefnu, leitust við að atla hug-myndum sínum fylgis með fögrum lýsingum á sam-eignaríki framtíðarinnar, og komu þar fram með allskonar hugmyndakerfi, meira og minna fjarstæð veruleikanum, og gerðu jafnvel verklegar tilraunir til þess að stofna fyrirmyndar sameignasamfélög. En ekkert af þessu náði þó fyllilega tilgangi sínum, bæði vegna þess, að öll þessi hreyfing var all fjarri veruleikanum og hugmyndir for-vígismannanna um stefnumark og starfsaðferðir óskýrar og á reiki, og eins hitt, að mikið vantaði á, að fullnægt væri nauðsynlegum skilyrðum fyrir þjóðnýtingu fram-leiðslunnar.

Framleiðsluáðferð auðvaldsins var aðeins á byrjunar-stigi, og varð, eins og hver önnur söguleg framleiðslu-áðferð, að ná fullkomnun og þroska, til þess að í alvöru væri hægt að ræða um afnám hennar og umskifti. Auk þess voru verkamennirnir, sem leysa átti undan oki og áþján auðvaldsins, enn þá of illa mentaðir, áhugalausir og vanabundnir, til þess að hin nýja hugmynd og breyt-

ing gæti nægilega mótað hugsunarhátt þeirra og framferði.

Eftir að uppreistaröldurnar hófust hjer í álfunni árið 1848, tóku hugsjónir jafnaðarstefnunnar að breiðast út meðal verkalyðsins í meginlandi Evrópu. Jafnaðarmanna-flokkar verkalyðsins, er stofnaðir voru á síðari hluta 19. aldarinnar, urðu bráðlega, sjerstaklega í öllum iðniðnd-unum, áhrifamiklir í öllum þjóðfjlags- og atvinnumálum. Það sem fyrst og fremst gaf flokkum þessum byr undir báða vængi, var hin hraðfara þróun auðmagnsins, jafn-hliða því sem smálandbúnaðurinn varð aftur úr, í sam-anburði við iðnað og verslun, en með því óx hröðum skrefum, fjöldi hins lágt launada og eignalausar verkalyðs, sá flokkur manna, sem alment er nefndur öreigar (*Proletar*). Enn með aukinni mentun alþýðu og vaxandi bóka- og blaðaútgáfu, vaknaði verkalyðurinn til umhugsunar um stjettahagsmuni sína, og gerðist óánægður um kjör sín og allan aðbúnað. Og að lokum voru það þeir *Karl Marx* og *Friedrich Engels*, sem með útgáfu »Kommúnista-ávarpsins« árið 1848, drógu upp skýrar línur fyrir stefnu og markmiði verkalyðsins, og lögðu grundvöllinn að hinum alþjóðlegu samtökum hans og baráttunni fyrir bættum lífskjörum og breyttu þjóðfjelagi.

Þessari stjórn málahreyfingu óx svo ásmegin við það, að samhliða henni var stofnað til iðnfjelaga og sam-vinnufyrirtækja, í samræmi við hinar vísindalegu kenningar *Marx* og *Engels* um baráttusvið og stefnumark jafnaðarstefnunnar. Hinir nýrri riithöfundar og fræðimenn jafnaðarstefnunnar sneru nú að mestu leyti bakinu við hinum sundurgreindu og þokukendu kenningum fyrir-rennara sinna, en lögðu alla áherslu á að gagnrýna auðvaldsskipulagið og benda á hina mörgu og miklu galla þess og áþján fyrir verkalyðinn.

Ástæðan fyrir þessari neikvæðu aðferð er augljós. Í andstöðu við fyrirrennara hinnar eiginlegu jafnaðarstefnu,

var frumherjum hennar orðið ljóst, að ekki var auðið, nákvæmlega og til hlítar, að segja fyrir um framleiðslu- aðferðir þjóðfjlagsheildarinnar, heldur yrði slíkt að vera ákveðið, eftir því hvernig ástand framleiðslutækjanna væri, þegar breytingin færi fram. Það var, eins og Karl Marx sagði, í bók sinni »*Um stjettabaráttuna í Frakklandi*«: Verkalýðnum er það ljóst, að til þess að losast undan oki sínu, og ná betri og hagstæðari lífskjörum, en þjóðfjagsskipulagið veitir nú, verður hann að berjast lengi og ótullega, ummynda aðstæðurnar í þjóðfjlaginu, sem aftur bæti og menti verkalýðinn sjálfan.

Kennifeðrum jafnaðarstefnunnar var það einnig ljóst, að ekki var hægt að ákveða framleiðsluáferðirnar fyrirfram, heldur haga þeim eftir því, hvernig væri umhorfs, þegar breytingin færi fram. Allri framleiðslu, hvort sem hún er þjóðnýtt eða ekki, yrði að ákveða aðferðir og nánara skipulag, eftir því sem efnalegri afkomu og þróun þjóðfjlagsins væri farið, á hverjum tíma. Þessvegna væri ekki unt að setja slíkum aðferðum einhliða og fastar skorður, heldur yrði að samhæfa þær þroska og fram- tíðarmöguleikum hvers þjóðfjlags. Þessir lærifedur jafnaðarstefnunnar sáu líka emfremur, að sigur hennar og framkvæmd yrði að knýjast fram með afli og atorku. Þegar þjóðfjlagsbyltingarnar á meginlandi Evrópu, og Chartisminn í Englandi var bælt niður með valdi árið 1848, virtist svo sem auðvaldið færðist í aukana og myndi drotna yfir þjóðfjlagsskipulaginu um langan aldur. Þetta álit og skoðun jafnaðarmannanna var staðfest með hruni Parísarkommunnunnar árið 1871, þegar vísindamenn og stjórnmálaforingjar jafnaðarstefnunnar sáu hvað reynslan þannig leiddi í ljós, álitu þeir að sigur stefnu sinnar myndi eiga all langt í land, að árangurslaust væri að hanna fram nákvæma og ákveðna skipulagshætti framleiðslunnar í komandi ríki jafnaðarstefnunnar.

En heimsstyrjöldin mikla, og þjóðfjlagsumrót það, er henni fylgdi í mörgum löndum og ríkjum, gaf jafnaðar-

stefnunni og verkalýðnum byr undir báða vængi. Undir þessum aðstæðum sáu forystumenn jafnaðarmanna víða um lönd, að þeir stóðu augliti til auglitis við vandamál og úrlausnarefni, er taka þurfti ákvarðanir um, fyr en ráð hafði verið fyrir gert. Af þessum þjóðfjlagsástæðum, sem óvænt höfðu stórlega hraðað rás viðburðanna, urðu jafnaðarmenn víða að færa kenningar stefnu sinnar yfir í veruleikann og ákveða með hvaða hætti best yrði framkvæmd krafan um *þjóðnýtingu*, í þjóðfjlaginu, eins og því nú er háttað.

Með því að jafnaðarmenn höfðu ekki til skamms tíma, komið fram með ákveðnar, sundurlíðaðar og sjergreindar tillögur um fyrirkomulag þjóðnýtingar, urðu þeir í skyndi að koma fram með slíkar tillögur. Það má þessvegna ekki undra neinn, þegar lítið er til þess, hvað hjer er stórvægilegt mál á ferðum, þó fyrirætlanirnar um þjóðnýtingarskipulagið bæru nokkurn tilraunablæ, og að skipulagskenningarnar yrðu talsvert á reiki, og hefðu keim af því, að undirbúningurinn væri eigi svo fullkomin sem skyldi, ekki þó að því leyti, sem snerti markmiðið sjálft, heldur um leiðirnar og aðferðirnar til þess að ná því. Auk þess má benda á það, að í landi því, þar sem þjóðnýtingartilraunirnar hafa aðallega farið fram, var hógum svo háttað, að þjóðin hafði átt í geigvænlegum ófriði og beðið ósigur, fjárhagur allur í kaldakol- um, svo engan skyldi kynja, þó marga erfiðleika þyrfti að yfirvinna, til þess að skipuleggja hið nýja fyrirkomulag framleiðslunnar.

Tilraunir þær til þjóðnýtingar, sem framkvæmdar voru í Austurríki, Pýskalandi og Rússlandi, fóru fram á mjög óhagstæðum tímum, svo af þeim er ekki unt að ráða neitt, um kosti eða lesti þessa fyrirkomulags.

En þessar tilraunir til þjóðnýtingar, sem framkvæmdar hafa verið, löggjöf sú, er samín hefur verið ritað um þessar framkvæmdir, og alt sem hefur verið ritað og rétt um þetta merkilega mál, hefir vakið geysi athygli, einnig í

þeim löndum, sem ekki hafa til þessa gert neitt í áttina til þjóðnýtingar. Og í móturlandi aðmagnsins, Englandi, hefir þess gætt mikið í stjórnmálaumræðum þar í landi, hvort þjóðnýta bæri sumar völdugustu greinar stóriðnaðarins. Og í öllum öðrum iðnaðarlöndum hafa stjórnmálin, nú eftir stríðið, sveigst mjög í þá átt, hvort þjóðnýta bæri framleiðslutækin, og hafa umræðurnar um þetta merka skipulagsatriði sumstaðar verið helsta deiluefnið.

Það virðist því liggja mjög nærri að gera sjer skýra grein fyrir, hvað felst í hugtakinu *þjóðnýting*. Bæði meðal almennings og stjórnmálamanna, í vísindalegum ritum og stjórnmálaþróðum, eru hugmyndir manna um þetta hugtak mjög á reiki, en slíkt verður til hins mesta ljóns, því fyrsta og helsta skilyrði til þess að umræður um þetta skipulagsatriði, geti verið á viti bygðar, er það að hugtakið sjálft sje skilgreint skýrt, nákvæmlega og tæm- andi, þannig að enginn misskilningur geti komist þar að. Því næst væri ástæða til að athuga nákvæmlega eðli auðvaldsskipulagsins á framleiðslunni, meta kosti þess og lesti, og hvort hægt sje að endurbæta auðvaldsskipu- lagið, án þess að afnema það, og að lokum athuga, hvernig, undir hvaða kringumstæðum, að hve miklu leyti og með hvaða hætti, sje auðið eða æskilegt að þjóðnýta framleiðsluna, miðað við það ástand, er nú ríkir. En í grein þeirri, sem hjer birtist, verður aðeins gerð tilraun til þess að skýra og afmarka sjálft þjóðnýtingarhugtakið.

Takmark, leiðir og aðferðir til þjóðnýtingar.

Skilgreining hugtakans. Það, sem aðallega veldur því, að ennþá ríkir allmikil óvissa um hugtakseinkenni þjóð- nýtingarinnar, eru bæði hinar mismunandi og oft óskýru lýsingar, eldri og yngri þjóðfélagsríðihöfunda um jafnað- arstefnuna alment. Sumar skilgreiningar stefnunnar hafa

verið langt of rúmar, aftur aðrar of þröngar, þannig að þær haf ýmist tekið meira en hugtakseinkenni stefnunn- ar, eða þá slept sumum höfuðeinkennum. T. d. er skilgreining *Proadhons* á jafnaðarstefnunni alt of rúm, þar sem hann segir að hún sje »allar tilraunir, er miða í þá átt að bæta þjóðfélagsmeinin«. Ekki tekur betra við hjá þeim, er reynt hafa að skilgreina stefnuna neikvætt og segja að hún sje andstæða einstaklingshyggjunnar og stjórnlýsisstefnunnar. Enn aðrir hafa skilgreint stefnuna þannig, að það sje stefna er grípi til ríkisvaldsins og skattamálanna, til þess að bæta kjör almennings, og gera lífskjör manna jafnari en þau sju undir skipulagi hinnar takmarkalausar samkeðni. Ef að þessi skilgreining væri rjett, væru öll þau núverandi þjóðfélög, sem að meira eða minna leyti hefðu látið ríkisvaldið takmarka og binda viðskiftalífið, og þau, sem komið hefðu á hjá sjer stíg- hækkandi sköttum, til þess að jafna efnahag manna, hrein og bein jafnaðarríki.

Einkum hefir borið mikið á því, að menn hafa ruglað mjög saman þjóðnýtingu við ríkis- eða bæjarrekstur. Hinn gamli fyrverandi jafnaðarmaður, *Alexander Millerand* áleit það nægilega skilgreiningu á hinni fjárhagslegu jafn- aðarstefnu að segja »að hún væri í því fólgin, að ríkis- valdið færði yfir á sínar hendur ýmsar tegundir af fram- leiðslu og viðskiftatækjum, eftir því sem þær væru þrosk- aðar til þess að flytjast frá yfirráðum einstaklinganna til ríkisins«. Um þessa hugtakseinkeningu má það segja, að það er að vísu nauðsynlegt skilyrði til þess að koma á jafnaðarríki að flytja framleiðslutækin úr höndum ein- staklinganna yfir á þjóðfélagsheilidina, en það er aðeins *einn liður* í þjóðnýtingaframkvæmdinni. Ef ekki er annað og meira fyrir hendi, er aðeins að ræða um ríkis- eða bæjarrekstur atvinnutækja. Það er ekki heldur rjett hjá einum þjóðfélagsfræðingi *A. Schäffle* í bók hans »Die Quintessenz des Sozialismus«, þar sem hann telur fram- leiðsluyfirirkomulag jafnaðarstefnunnar ekki neitt sjerstakt

nýtt fyrirbrigði, heldur aðeins samræmingu og samtvinnum opinbers reksturs og vinnu. Þjóðnýting er alt annað og meira en ríkisrekstur, með þeirri tilhögun ríkisvaldsins, er nú tíðkast.

Það er því mjög nauðsynlegt að skýra hugtakseinkenni þjóðnýtingarinnar nákvæmlega og rjett, og taka með öll einkennin, en þó aðeins þau, sem við eiga, þannig að dregnar sju skýrar línur á milli þjóðnýttrar framleiðslu og auðmagnsframleiðslu einstaklinganna, og allra annara framleiðsluaðferða.

Jafnvel þó að óvíða hafi komið fram hrein og ákveðin hugtaksskilgreining á þjóðnýtingu, svo alment sje viðtekið af fræðimönnum, er þó hægt að gera sjer nokkuð ljósa og ákveðna hugmynd af kenningum þeim og tilraunum, er fram hafa farið í þessum efnum, og skilgreina hugtakið þannig:

„Þjóðnýting táknað það, að eignarumráð framleiðslutækjanna eru flutt úr höndum einstaklinganna yfir til þjóðfjlagsheldarinnar, og rekin af henni með hagsmunum alþjóðar fyrir augum, eftir ákveðnu skipulagi framleiðslunnar, með lýðræðissjórn og hagfræðilegri og rjettlátri skiftingu arðsins meðal manna“.

Með því að það er tæplega auðið í stuttri skilgreiningu að gefa nákvæma lýsingu á höfuðhugtökum þjóðnýtingar, ber nauðsyn til þess að skýra þetta hugtak nánar, svo auðið verði að gera sjer ljósa og ákveðna grein fyrir inntaki þess. Þetta er þeim mun nauðsynlegra, að ekki geti komist misskilningur að, þegar rætt er um þetta merkilega mál, og afstaða tekin með eða móti þjóðnýtingu.

Eignarjetturinn. Eftir skilgreiningu þeirri, er hjer að framan getur, hefur þjóðnýting fyrst og fremst í för með sjer breytingu á eignarjetti framleiðslutækjanna. Með þjóðnýtingunni færst þessi eignarjettur frá einkaeign auðvaldseinstaklinganna yfir til þjóðfjlagsheldarinnar, en þjóðfjlagsheld merkir alla íbúa ríkisins, jafnt til sjávar

og sveita. Hvað þetta atriði snertir, hefir þjóðnýtingin ekki í för með sjer neitt sjerstakt nýtt fyrirkomulag, heldur aukningu og samsafn þess opinbera og almenna eignarjettar, er fyr og síðar, hefur altaf að meira eða minna leyti verið í höndum ríkis eða hjeraða.

Um leið og þjóðnýtingin komst í framkvæmd, hverfa allar *einka* tekjur af hinum þjóðnýttu verðmætum (landi og framleiðslutækjum), og bæði landsleigan og aðrar auðmagnstekjur (tekjur af arðberandi eignum) verða eftir það þjóðfjlagseign.

Það skiftir í raun og veru ekki neinu máli, hugtakslega sjeð, hvort þjóðnýtingin er framkvæmd með eða án endurgjalds, með eignarnámi (ekspropriation) eða eignatöku (konfiskation).

Það hefir oft verið álitíð, að jafnaðarstefnan, og þar af leiðandi þjóðnýtingin, yrði eftir eðli sínu að ná til *allra* framleiðslutækja, og *allrar* framleiðslu. En þessi ályktun er byggð á misskilningi á því, hvert er eðli og tilgangur þjóðnýtingarinnar, enda munu flestir jafnaðarmenn nú á dögum, hafa fallið frá þessari kenningu. Því til sönnunar má t. d. benda á bók *Philip Snowdens*:

»Socialism and syndicalism«, því þar segir meðal annars: »Jafnaðarstefnan vill færa yfir á hendur þjóðfjlagsheldarinnar aðeins þau framleiðslutæki, sem haganlegt er og eðlilegt að þjóðfjlagið reki«. Einmitt í samræmi við þetta, sagði forsætisráðherra hins fyrsta jafnaðarmannaráðuneytis í Ástralíu, *J. C. Wolson*: »Það er ekki ætlun okkar að færa þjóðfjlagsrjettinn yfir alt. Jafnvel þó við hefðum hinn ákveðnasta meirihluta að baki, myndum við ekki reyna að þjóðnýta alla framleiðslu«.

Það er nú orðið alment viðurkent, og er bæði í fullu samræmi við hugsjón jafnaðarstefunnar og hagfræðilegar staðreyndir atvinnulífsins, að þjóðnýta beri aðeins þá framleiðslu, sem aðallega er rekin með keyptu vinnuafli (kollektiv framleiðsla), eða sú framleiðsla, sem er vel til þess löguð, að vera rekin þannig. Og það er ekki

einu sinni hugtaksleg nauðsyn, að þjóðnýting nái til allrar þeirrar framleiðslu, sem starfrækt er með keyptu eða leigðu vinnuafli. Í þeim atvinnugreinum, sem notkun á keyptu vinnuafli er svo hverfandi, að ágóði af aðfengnu vinnuafli, er aðeins örflitill hluti af andvirði framleiðsunnar, þannig að verkamennirnir fái næsum því eða alveg sannvirði fyrir vinnu sína, og þá sjerstaklega ef að sú atvinnugrein væri rekin undir opinberu eftirliti, er þjóðnýting alls ekki óhjákvæmileg, sjeð frá sjónarhól jafnaðarstefnunar.

Einka- og þjóðfelagseignarjettur á framleiðslutækjunum geta þannig samtímis átt sjer stað, án þess að meginregla þjóðnýtingarinnar sje að nokkru rofin. Hvað langt *eigi* að ganga í því að þjóðnýta framleiðslutækin, er þess vegna ekkert *aðalatriði*, heldur verður að meta það og athuga út frá því sjónarmiði, sem *haganlegast* er, miðað við staðhætti og atvinnulíf hvers lands, á þeim tímum, þegar þjóðnýtingin er framkvæmd.

En til þess að ekki sje vikið frá höfuðtilgangi þjóðnýtingarinnar, má ekki eingöngu takmarka hana við þau framleiðslutæki, sem starfrækt eru og rekin, heldur verður hún einnig að ná til framleiðslutækja þeirra, sem ekki eru starfrækt, ef þau eru þess eðlis að hafa má af þeim ágóða og hægt er að reka þau með hagnaði, eins og t. d. ónotað land. Þjóðnýtingin verður því að ná til allra þeirra framleiðslutækja, sem gefa eða geta gefið arð, aðallega vegna aðfengins og keypts vinnuafis, hvort sem þau framleiðslutæki eru starfrækt af eigendum þeirra, eða öðrum, sem tekið hafa þau á leigu gegn ákveðinni falli úr sögummi.

Rithöfundurinn *Knut Wicksell* hefir í bók sinni »Socíalistskaben och Nutidssamhället« haldið fram þeirri skoðun, að jafnaðarmannaríki þyrfti ekki að banna söfnun einstaklinga á vaxtabæru fje. Því það væri til hagsmuna fyrir þjóðfelagið að örfa menn til þess að safna fje, sem

svo yrði aftur varið til fjárhagslegra framkvæmda. Fyrst og fremst er þess að geta, eins og Wicksell sjálfur játar, að jafnaðarmannaríkið mun sjálft annast um fjársöfnun innan sinna vjebanda, af ágóða hinna þjóðnýttu fyrirtækja. En auk þess verður það ekki álitíð, að vextir af fje, í ríki með þjóðnýttri framleiðslu, sje nokkur nauðsynlegur spori fyrir fjársöfnun einstaklinganna, til viðbótar við hið þjóðnýtta fjármagn. Hin mesta hvöt einstaklinganna til fjársöfnunar, — að minsta kosti þeirra, er lítið eiga, en þeir einir koma hjer til athugunar — er ekki það að fá vexti af fje sínu, heldur hitt að tryggja sjer og sínum viðunanlegt líf, ef óhöpp og vanheilsu ber að höndum. En þessi sparnaðarhvöt getur fyllilega notið sín í jafnaðarmanna þjóðfelagi, nema því aðeins að þjóðfelagið taki að sjer að sjá farborða þeim, er ekki geta einhverra óviðráðanlegra ástæðna vegna, sjeð fyrir sjer og sínum. Jafnvel þó vextir af peningum sjeu afnumdir, getur verið full ástæða til þess að gera ráð fyrir nokkurri fjársöfnun, meðal einstaklinganna, sem geymt verði í *þjóðnýttum* bönkum, þrátt fyrir það, þó þjóðfelagið hafi eitt rjett til þess að verja peningum til arðvænlegrar framleiðslu. Með þjóðnýtingu framleiðslunnar, verða vextir af peningaeign einstaklinganna þannig algerlega ónauðsynlegir, auk þess sem slíkt fyrirkomulag brýtur í bága við höfuðtilgang þjóðnýtingarinnar: að afnema það skipulag að einstaka menn hjóti höfuðarðinn af vinnu annara.

Framleiðsluhættir,

Af skilgreiningu þeirri, er hjer á undan hefur verið gerð, sjeð það, að auk þess sem þjóðfelagið tekur að sjer eignarjettinn yfir framleiðslutækjunum, verður það einnig að annast um framleiðsluna. Vitanlega er ekki hægt að tala um að framleiðslutækin sjeu þjóðnýtt, þó að ríki eða hjeruð hafi tekið þau í sínar hendur, ef að þau væru þar á eftir seid einstaklingum á leigu, gegn á-

kveðnu gjaldi, og að þeir einstaklingar bæru svo tekjur eða halla fyrirtækjanna.

Þjóðnýtt framleiðsla er ekki bundin við nokkurn ákveðinn *framleiðsluhátt*. Ríki eða hjerað geta rekið þá framleiðslu, eða jafnvel ákveðinn, takmarkaður fjelagskapur manna, undir eftirliti og umsjón þjóðfjelagsins. En til þess að hægt sje að kalla framleiðslu þjóðnýtta, verður þó altaf að krefjast þess: 1) Framleiðslan verður að vera skipulögð undir *lýðræðissjórn*. Með því er átt við það, að verkamenn, og aðrir starfsmenn fyrirtækjanna verða að taka þátt í sjórn þeirra, og að öll þjóðnýtt fyrirtæki verða að vera háð eftirliti kjörinna fulltrúa, fyrir alla framleiðendur og neytendur. Einkasjórn nokkurra manna á opinberum fyrirtækjum uppfylla ekki skilyrði þess að um þjóðnýting sje að ræða. 2) Framleiðslan verður að vera miðuð við *þarfir* allrar þjóðfjelagsheilðarinnar. Í því efni aðgreimir þjóðnýtt framleiðsla sig berlega frá framleiðslu einstakra auðmanna, þar sem markmiðið er eingöngu eða aðallega *hagnaður* af framleiðslunni.

Dreifing framleiðslunnar.

Þegar framleiðslan er þjóðnýtt, verður þjóðfjelagið einnig að sjá um *dreifingu* hennar þ. e. verslunina.

Í auðvaldsskipulaginu eru það einstaklingarnir, sem bæði eiga og hafa ágóða af framleiðslutækjunum, og annast einnig um dreifingu verðmætanna (versla). En með þjóðnýttu skipulagi flytst hvoruþveggja yfir til þjóðfjelagsheilðarinnar, með það fyrir augum, bæði að framleiðendurnir fái hið rjetta og raunverulega verðmæti fyrir vinnu sína, samtímis því sem neytendum er trygt hæfilegt verðlag á lífsnaúðsynjunum, og þjóðarauðurinn aukinn. En til þess að tryggja þetta, er nauðsynlegt að dreifing framleiðslunnar (verslunin) fari fram með líkum hætti og framleiðslan sjálf, undir sjórn og eftirliti þjóðfjelags-

heilðarinnar. Sjerstaklega ber að leggja áherslu á það, að fullnægt sje þórtum framleiðenda, neytenda og þjóðfjelagsheilðarinnar yfirleitt, en sje hagsmuna allra þessara aðila gætt rjettiliga, má mikið á sama standa, hvaða aðferð er fylgt við dreifingu verðmætanna.

Þjóðnýtt dreifing framleiðslunnar, (eða verslun) hlýtur því algerlega að vera háð lýðræðissjórn, þannig, að henni verði sjórnað af kjörnum fulltrúum þjóðfjelagsheilðarinnar, með þarfir alþjóðar fyrir augum.

Enda þótt framangreind skýring á þjóðnýttu framleiðsludreifingu, ætti ekki að gefa ástæðu til efasemda og misskilnings, þykir þó rjettara, til skilningsauka að nefna nokkur dæmi þess, sem stundum er ruglað saman við þjóðnýtta dreifingu, en fellur þó *ekki* þar undir.

Það ætti að vera óþarfi að taka það fram, að hin barnalega hugmynd sumra manna um það, að jafnaðarstefnan eða þjóðnýtingin sje í því fólgin, að skifta öllum verðmætum jafnt upp á milli allra manna, er hin mesta bábilja, sem ekkert á skylt við þessar þjóðfjelagskenningar. Með þjóðnýtingu er alls ekki átt við að *skifta* verðmætunum milli manna, heldur að gera þau öll sameiginlega eign heildarinnar. En á því er mikill munur, eins og allir mega sjá.

Opinber verslun, ríkis eða hjeraða, er venjulega alls ekki þjóðnýtt verslun. Þó að þjóðfjelagið sjálft hafi með því móti aðalhaginn af versluninni, í stað þess sem einstaklingarnir njóta þess arðs, þegar þeir hafa verslunina sjálfir með höndum, er þessi aðferð þó að miklu leyti með fullum einkennum auðvaldsskipulagsins. Þetta hefir verið mjög vel og skýrt fram tekið af mörgum helstu og bestu rithöfundum jafnaðarstefnunnar. T. d. segir *Kautsky* á einum stað í ritum sínum, að þjóðnýtt verslun, sje skipulagsbundin dreifing framleiðslunnar, undir sjórn og eftirliti allrar þjóðfjelagsheilðarinnar, í stað þess sem ríkisverslun í auðvaldsríki, sje einungis háð stjettasjórn burgeisa, *Bebell* segir líka um ríkisverslun auðvaldsins, að

hún sje algerlega rekin með auðvaldsskipulagi, og að hvorki verkamenn nje aðrir starfsmenn síkra fyrirtækja hafi nokkur sjerstök hlunnindi af henni, enda komi ríkið fram sem harðvítugur atvinnurekandi, og annað ekki. Og ennþá skýrara kemur þessi skoðun fram hjá hinum merka jafnaðarmanni og rithöfund, núverandi utanríkisráðherra *Emil Vaudervelde*, í hinni ágætu bók hans: »Socialismen mot Staten«, þar segir meðal annars: »Ætíun jafnaðarstefnunnar er alls ekki sú að afnema auðvaldsstjórn einstaklinganna, en koma í stað þess á ríkisauðvaldssjórn, heldur að afnema hvorutveggja, en taka í stað þess upp framleiðslu og verslun þjóðfjlagsheildarinnar, undir beinni og áhrifaríkri stjórn hennar«.

Eins og ríkisverslun er víðast rekin nú á tímum, er hún fjarskyld þjóðnýtri verslun vegna þess: 1) að henni er stjórnað af fámennu flokksráðuneyti, án þess að framleiðendur og neytendur taki nokkum beinan þátt í þeirri stjórn, 2) af því að venjulega er ekkert hirt um það, þó neytendurnir þurfi að greiða óháfilega hátt verð fyrir hin seldu verðmæti, og eins hitt, að verkamenn og aðrir, er að slíkri verslun vinna, fá alls ekki greitt sannvirði vinnu sinnar.

Þjóðmálastefnur þær, er eingöngu gera kröfur um það að alt land sje þjóðnýtt (agrarsocialismur), eða þá að allsherjar jarðskatti sje komið á, og með því sje einnig náð sama takmarkinu, að þjóðnýta alt land (Georgeismur), eru í raun og veru ekki almennar þjóðnýtingastefnur, af því að báðar þessar stefnur hafa einungis að takmarki að koma í framkvæmd einstaka atriðum úr jafnaðarstefnunni, en vilja að öðru leyti halda óbreyttum framleiðsluhætti auðvaldsskipulagsins.

Þeir, sem einungis vilja keppa að því, að koma dreifingu framleiðslunnar eingöngu í hendur fjlagsbundinna samtaka, undir stjórn framleiðendanna sjálfra, eru í eðli sínu fjarri takmarki þjóðnýtingar. Með þeim hætti er framleiðslumagnnið ekki eign allrar þjóðfjlagsheildarinnar, held-

ur einstakra deilda hennar. Sú aðferð heldur líka *samkeppinni* við líði, að minsta kosti á milli hinna einstöku framleiðslugreina, þó hún hinsvegar útiloki hana, meðal einstaklinga innan sömu framleiðslugreinar. Með þessum hætti er *neytendunum* og varnað að hafa rjettmætt eftirlit með framleiðslunni. Þessi þjóðmálastefna er þessvegna í beinni andstöðu við þjóðnýtingarhugmyndina, sem keppir að því að afnema með öllu hina óhollu samkeppni, en koma framleiðslunni í stað þess undir yfirráð *alls* þjóðfjlagsins, með það fyrir augum, að verðmæti sjeu framleidd og þeim úthlutað í algerðu samræmi við hag þjóðfjlagsheildarinnar.

Með sama móti er heldur ekki um þjóðnýtingu að ræða hjá þeim mönnum, sem berjast fyrir því, að fá framleiðsluna eingöngu í hendur verkamönnum og öðrum starfsmönnum, er vinna að hverri framleiðslugrein fyrir sig. Tilætlun þeirra manna, er einungis sú, að koma framleiðslunni í hendur samvinnu framleiðslufjelaga, sem stjórnað er eftir reglum auðvaldsskipulagsins, með það eitt fyrir augum, að þeir einir hafi hag af framleiðslunni, er slíkan fjlagssskap mynda, án nokkurs tillits til þeirra, er utan við hann standa. Fjlagsbundin samvinnuframleiðsla og sala, er því ein grein auðmagnsskipulagsins, sem aðeins leiðir til þess, að það myndast stærri hópur smá auðmanna, í stað færri en auðugri einstaklinga. Þetta er og víðurkent og fram tekið af mörgum rithöfundum og kennimönnum jafnaðarstefnunnar. Þannig segir *Thv. Aarun* á einum stað í ritum sínum: »Framleiðslufjelög með samvinnusniði eru mynduð með það eitt fyrir augum að hirða sjálf hagnaðinn af framleiðslunni«. Annar rithöfundur segir einnig að slíkur fjlagssskapur, sverji sig í ætt við auðvaldsskipulagið, með því að halda uppi samkeppinni.

Öðru máli gegnir að nokkru um samvinnufjlag *neytendanna*, því þau miða að sumu leyti í áttina til þjóðnýtingar, með því að hagnaðurinn af dreifingu fram-

leiðsluverðmætanna, lendir í vösum neytendanna sjálfra. En með því að slíkum fjelagsskap hættir oft til þess að styðja hag neytendanna á kostnað framleiðendanna, og með því einnig, að starfsmenn, sem að slíkum fyrirtækjum vinna, bera ekki altaf það úr býtum, sem rjettmætt er, nær þetta fyrirkomulag ekki inn að kjarna þjóðnýtingarhugsjónarinnar. Til þess þyrfti að gera þær kröfur, að þessi samvinnufjölög stæðu undir beinni og áhrifaríkri stjórn þjóðfjølagsins, og að útrýmt væri þar öllum reip-drætti milli framleiðenda og neytenda.

Til þess að um raunverulega þjóðnýtingu sje að ræða, verður að uppfylla öll þau skilyrði, sem tilgreind eru í frammanfndri skilgreiningu hugtaksins, bæði hvað snertir eignarjett, framleiðsluhætti og dreifingu framleiðslunnar. Það er þessvegna misskilningur á hugtakinu, þegar það er nefnt þjóðnýtingarstarfsemi, er þjóðfjelagið að meira eða minna leyti, hefir afskipti eða eftirlit af framleiðslu eða viðskiftali, með það fyrir augum, að hafa bætandi áhrif, án þess þó að umráðin og eignarjetturinn, sjeu færð yfir á þjóðfjølagsheildina að öllu leyti. Alveg á sama hátt, eins og atvinnurekstur ríkis og hjeraða, miðar í raun og veru ekki í áttina til þjóðnýtingar, á meðan þessum fyrirtækjum er stjórnað og þau rekin með sama móti og einkaeignafyrirtæki auðvaldsins, ekkert frekar, jafnvel síður, er þjóðnýting í því innifalin, að þjóðfjelagið hafi aðeins smá eftirlit eða athugun með atvinnurekstri einstaklinganna. Þegar ríkisvaldið tekur í taumana til þess eins að draga órlitið úr gróða auðmannanna, eða takmarka að einhverju litlu leyti umráð þeirra yfir stjórn framleiðslunnar, eins og t. d. ákvæði um lágmarks verka-kaup, hámark á vöruverðlagi, ákvæði um ágóðabókun eða rekstursráð*), má að visu skoða sílfar ákvarðanir sem byrjun eða undirbúning undir þjóðnýtingu atvinnuveganna. En raunverulega eru þetta aðeins þjóðfjølags-

*) Sbr. grein mína í X. árg. »Rjettars«, bls. 36—51, um rekstursráð.

endurbætur, við ríkjandi þjóðskipulag og auðvaldsframleiðslu, en geta ekki skóðast sem þjóðnýting, sem skilyrðislaust heimtar afnám eignarjettar einstaklinganna á framleiðslutækjunum, og skipulagsbundinn rekstur þeirra með lýðræðisstjórn, með það eitt fyrir augum, að alþjóðfái öll rjettilega notið hagnaðarins af framleiðslu og auðs- uppsprettulindum ríkisins.

Takmark þjóðnýtingar.

Af skilgreiningu þeirri, er gerð hefir verið á þjóðnýtingarhugtakinu, leiðir það, að takmark þjóðnýtingar er að afnema að meira eða minna leyti framleiðsluskipulag auðvaldsins með því: 1) að koma í veg fyrir að framleiðslan sje rekin með það eitt fyrir augum að einstakir menn njóti höfuðarðsins af henni, heldur verði það þjóðfjelagið allt í heild sinni, er þann hagnað hreppi. 2) að afnema bæði hina frjálsu samkeppi og auðvaldsþringa, en setja í stað þess visindalega skipulagða samvinnu á milli auðmagns og vinnuafis. 3) að afnema ágóða þann, er einstaka atvinnurekndur hafa af aðkeyptu vinnuafli. 4) að gera hinn eignalaus og auðmagnsháða vinnulýð að frjálsu og fjárhagslega sjálfstæðu *meðeigendum* og *meðstjórnendum* þjóðarauðsins.

Allir núverandi fræðimenn og frumherjar jafnaðarstefnunnar, hvort þeir heldur telja sig til lýðræðisjafnaðarmanna (Socialdemokrater), sameignamanna (Kommunister) endurbótamanna eða byltingasinna, munu vera á einu máli um þetta takmark þjóðnýtingarinnar, sem hefur það í för með sjer, að mennirnir verði ekki lengur þrælur auðmagnsins, heldur auðmagnsið þjóinn þeirra.

Leiðir til þjóðnýtingar.

Sú eina leið, er liggur að stefnumarki þjóðnýtingar, er sú að flytja umráð nothæfra framleiðslutækja, sem nú eru

og hæf þykja til reksturs með keyptu vinnuafli, til *þjóðfjlagsheildarinnar*, og nýfja þau með heill alþjóðar fyrir augum. Bæði allir núverandi fræðimenn jafnaðarstefnunnar, og stefnuskrár allra jafnaðarmannaflokka, eru sam-mála um þetta atriði.

Í stefnuskrá Alþýðuflokksins íslenska, er þetta orðað þannig: »Öll framleiðslutæki sju þjóðareign og framleiðslan rekin af hinu opinbera, af vísindalegri hagsýni, með þarfir þjóðarinnar allrar fyrir augum«. Í stefnuskrá norska verkamannaflokksins segir, að afnema eigi einka-eign auðmagnsins, sem notuð sje til þess að græða á vinnu annara. Í stefnuskrá (lýðræðis) jafnaðarmannaflokksins norska, er sagt að stefna eigi að því að þjóðnýta öll náttúruauðæfi, iðngreinar, banka og samgöngutæki, sem nauðsynleg sjeu til almenningar hagnýtslu.

Þó að fræðimenn kunni að greina á um einstaka atriði, hvað snertir stjórn þjóðnýtra fyrirtækja, þá eru þó allir á einu máli um það, að öll slík framleiðsla verði að vera rekin undir ákveðinni og skipulagðri *lýðræðisstjórn*, en ekki háð yfirráðum einstakra stjórnmafllokka, eða pólitísku ríkisvalds. Vitanlega verður hverju fyrirtæki aðallega að vera stjórnað af nefnd valinna sjerfróðra manna, undir stöðugu eftirliti og aðgæslu fulltrúa, bæði fyrir neytendur, framleiðendur og alla þjóðfjlagsheildina. En það er alls ekki auðið að setja tæmandi og ákveðna reglu um slíka stjórn, því hjer koma til greina mjög mörg og mismunandi atriði. Auk þess verður að sníða slíka stjórn og starfrækslu eftir þjóðar- og atvinnuháttum hvers lands eða ríkis. Á þetta hefir meðal annars verið bent af hinum heimsfræga rithöfundu og skáldi *Bernhard Shaw*, þar sem hann segir að jafnaðarstefnan og þjóðnýtingin í Bretaveldi, verði að vera bundin og hugsunarvið breska framleiðslu, og breskt atvinnulíf og hugsunarhátt. Þjóðnýtingin og fyrirkomulag hennar, verður því aldrei steypt í eitt og sama form, er eigi jafnt við í öllum löndum, og meðal allra þjóða. Staðhættir, atvinnulíf

og þjóðarhugsunarháttur verða að ráða miklu um stjórn og rekstur þjóðnýtra fyrirlækja, í hverju landi fyrir sig.

Aðferðir til þjóðnýtingar.

Allir jafnaðarmannaflokkar og rithöfundar munu vera á einu máli um það, hvert sje takmark þjóðnýtingar, og hverju þurfi að breyta til þess að slíku takmarki sje náð. Aftur á móti hefir um langan aldur ríkt mikill skoðanamunur um aðferðina til þess að koma þjóðnýtingu fram. Þessi skoðanamunur aðgreindi sig, eftir heimsstyrjöldina í tvo höfuðflokka, annarsvegar lýðræðisjafnaðarmenn (Socialdemokrata), er mynda annað alheimsbandalagið (II. Internationale) og hinsvegar sameignamenn (kommúnistar) með þriðja alheimsbandalagið í Moskva. Fyrri flokkurinn vill framkvæma þjóðnýtingu á þingræðisgrundvelli, með lýðræði og almennum kosningarjetti, en síðari flokkurinn með meira eða minna blóðugri byltingu undir stjórn öreigalyðsins, er þá taki sér einræðisvald í hendur.

Pegar gera á upp milli þessara tveggja aðferða, verður vafalaust að líta á aðstæður hvers þjóðfjelags, stjórnarfar og menningarástand. Jafnvel höfundur hinnar vísindalegu jafnaðarstefnu, *Karl Marx*, sagði í Amsterdam árið 1872 að í löndum eins og Englandi og Bandaríkjunum, væri hægt að koma í framkvæmd jafnðarstefnunni, og þar af leiðandi þjóðnýtingu, á lögmætum þingræðis grundvelli. Og það ætti ekki að vera vafasamt að hægt væri fyrlilega að koma á þjóðnýttu skipulagi, með þingræðislegum hætti, í löndum, sem um marga ára bil, hafa haft lögfestan almennan kosningarjett, og þar sem alþýða manna hefir náð stjórn málaþroska, og fengið talsverða fjelagslega mentun.

Eftirmáli.

Í blöðum, bókum og mannfundum hjer á landi, heyr-ist nú oft minst á þjóðnýtingu. En í umræðum þessum

ber oft á því, að þeir, sem þar leggja orð í belg, virðast ekki hafa ljósa og skýra hugmynd um það, er þeir ræða um. Einkum ber á þessu meðal andstæðinga jafnarstarfnum. Þessvegna eru vindhógginn svo mörg, og oft skotið fram hjá markinu. En allir þeir, er um stjórn-mál hugga, og taka vilja afstöðu til stjórnmalastefna, verða að gera sjer grein fyrir því, hvað þjóðnýting sje í raun og veru. Og til þess er grein þessi rituð, að reyna að fræða menn um þetta merkilega og mikið umdeilda þjóðfelagsmál. Síðar gefst ef til vill tækifæri til þess að athuga í sjerstakri grein eða greinum, hvernig og að hve miklu leyti sje auðið og æskilegt að þjóðnýta íslenska framleiðslu, miðað við ástand það, er nú ríkir hjer á landi.

St. J. St.